

3. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2015, haldinn 16. júní 2015 í leikskólanum kl. 15:00. 4. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Fjárhagur**
- 3. Menntun/endurmenntun starfsmanna**
- 4. Starfsreglur leikskóla**
- 5. Heilsuefling starfsfólks**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

- Snillingarnir okkar sem eru elstu börnin byrjuðu maí á Vorskóla með 1.bekk. Vorskóli samanstendur af skiptiheimsóknum, sundkennslu og skógardegi.
- Við tókum þátt í Rusladeginum ásamt Flúðaskóla og týndum rusl í nágrenni skólanna og svo fengu allir grillaðar pylsur á eftir. Börnin skemmtu sér vel og voru mjög dugleg, þrátt fyrir ískaldan norðanblástur.
- Vorhátíðin var haldin 13. maí í góðu veðri og voru settar upp stöðvar úti í garði og fóru börnin á milli og skemmtu sér vel. 1. og 2. bekkur komu í heimsókn og tóku þátt í hátíðinni. Allir sem vildu fengu andlitsmálningu. Foreldrafélagið grillaði svo hamborgara handa okkur, ómetanleg vinna og samstarf við foreldra sem gerir daginn enn skemmtilegri. Skemmtilegur og fjörugur dagur og veðrið var með betra móti.
- Við héldum svo okkar árlegu Vorsýningu 22.maí. Að vanda lukkaðist hún vel og skráðu 100 gestir nafnið sitt í gestabókina. Starfsfólkið var búið að leggja mikla vinnu við að setja verk barnanna upp svo allir gætu notið listaverka barnanna og fá þær sérstakt hrós fyrir uppsetningu. Börnin sungu vel valin lög og var sungið af miklum krafti og innlifun. Foreldrafélagið sá um veitingar og voru einnig með kökubasar við þökkum þeim fyrir skemmtilegan dag.

- Garðyrkjuvikan var í maí og voru settar niður kartöflur og einnig var sáð kryddjurtum. Merkilegast fannst börnunum það, þegar hann Emil á Grafarbakka kom að tæta kartöflugarðinn okkar.
- Við útskrifuðum Snillingana í lok maí. Þau fóru í útskriftarferð um sveitina byrjuðu í slökkvistöðinni og áttu svo heimboð á nokkrum bæjum, sáu meðal annars þegar kúnum var hleypt út í fyrsta sinn í Auðsholti. Þau fóru út að borða á Cafe Mika og heimsóttu leikskólann Álfaborg enduðu svo ferðalagið í sundi. Eftir þennan viðburðaríka dag komu saman í leikskólanum Snillingarnir, starfsfólk og foreldrar og voru þau útskrifuð með rós, óskastein og útskriftarskjali. Skemmtilegur dagur en samt svo erfitt að sjá á eftir þessum frábæru börnum.
- Við áttum heimboð í Hruna og völdum við dag eftir veðurspá og fórum síðasta föstudaginn í maí. Þar tóku Óskar og Una á móti okkur sýndu okkur kirkjuna og svo var skundað í fjárhúsið og lömbin grandskoðuð. Svo var leikið í garðinum þeirra hoppað á trampolini, snæddum nesti og margt fleira. Reglulega skemmtilegur dagur og þökkum við enn og aftur fyrir heimboðið.
- Við byrjuðum júní á Skógarviku og voru farnar ófár ferðirnar í skógarlundi í nágrenni leikskólans. Við áttum svo einn langan skógardag þar sem við kveiktum upp eld í Kvenfélagsskóginum, grilluðum brauð á grein, hituðum kakó og poppuðum popp. Svo var skógurinn skreyttur með slæðum og óróum sem málaðir voru á staðnum. Mikið gaman og mikið fjör.
- Vegna veðurspár ákváðum við að víxla Fjallgönguviku og Vatnsviku. Vatnsvika var á undan Fjallgönguviku og lékum okkur með vatn í rigningunni sem var í síðustu viku. Og þessi vika fer í fjallgöngur af öllum gerðum og stærðum. Í gær var farið á Miðfell með þrjá elstu árgangana.
- Búið er að ráða í stöðurnar sem auglýstar voru, engir menntaðir leikskólakennarar sóttu um stöðurnar og voru þær Sára Herczeg og Hlíf Sigurðardóttir ráðnar í stöðurnar.
- Við erum í óðaönn að skipuleggja starf næsta vetrar. Aðal breytingin sem verður á starfi okkar er sú að nú verðum við með okkar „Faggreinar“ og yfir þeim verða Faggreinastjórar. Faggreinarnar verða Hreyfing, Vísindi, Myndlist og Tónlist og munu tveir starfsmenn starfa saman allan veturinn og taka til sín hópa í sína faggrein. Við munum hafa útikennsluna að leiðarljósi í öllum faggreinunum og svo mun að sjálfsögðu frjálsi leikurinn vera í fyrsta sæti. Við munum gefa út lítið kynningarplagg og einnig munum við vera með kynningar fyrir foreldrana í haust á þessu nýja fyrirkomulagi.
- Farið var yfir helstu niðurstöður starfsmannakönnunar og voru þar nokkur atriði sem laga mætti innan starfshópsins. Það sem olli okkur einna helstu hugangri var

hversu mikil fjarvera starfsmanna er, í meira lagi samanborið við landið allt. Og er þessi fjarvera þá aðallega byggð á veikindum starfsmanna. Nú þurfum við að einblína á að auka hreysti starfsmanna. Það er sveitafélaginu í hag að starfsfólkið sé hraust á sál og líkama og mætti taka það til skoðunar að veita því einskonar hreyfistyrk til að hvetja til hreyfingar og hreystis.

2. Fjárhagur

Leikskólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri leikskólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

3. Menntun/endurmenntun starfsmanna

Leikskólastjóri kynnti hugmyndir vegna náms og/eða endurmenntunar starfsfólks. Samþykkt að Helgi Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri og Jón Valgeirsson sveitarstjóri fari yfir málið og geri tillögur að endurmenntunarstefnu.

4. Starfsreglur leikskóla

Leikskólastjóri hefur hafið gerð starfsreglna fyrir leikskólann og stefnt er á að þær verði tilbúnar með haustinu. Skólanefnd styður framtakið.

5. Heilsuefling starfsfólks

Kynntar voru niðurstöður úr starfsmannakönnunum þar sem kom fram að veikindadagar hjá starfsfólki leikskólans væru yfir meðallagi á landsvísu. Skólanefnd leggur til að sveitarstjórn móti sér stefnu um heilsueflingu starfsfólks síns og styrki það til heilsueflingar t.d. með fríum aðgangi að sundlaug og tækjasal sveitarfélagsins.

6. Önnur mál

a) Vistun 12 mánað barna.

Umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 5 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans.

Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:45

